Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 15. desember 2025
USK25120230

Nauthólsvegur 50-52 - uppbyggingarsamkomulag

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi uppbyggingarsamkomulag við Reiti atvinnuhúsnæði ehf., kt. 530117-0300, vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar svokallaðs Lífsgæðakjarna og stækkunar á lóð við Nauthólsveg 50-52.

Greinargerð:
Reitir atvinnuhúsnæði ehf., kt. 530117-0300, lóðarhafi og eigandi fasteigna við Nauthólsveg 50-52, L106641 („lóðin"), hefur hug á uppbyggingu svokallaðs lífsgæðakjarna á lóðinni. Lóðin er 25.610 m2 að stærð og á henni er að finna fyrrum höfuðstöðvar Icelandair og Hótel Reykjavik Natura.

Á fundi borgarráðs 27. apríl 2023 var samþykkt að auglýsa eftir samstarfsaðilum um uppbyggingu svokallaðra lífgæðakjarna. Samningsmarkmið Reykjavíkurborgar vegna uppbyggingar lífgæðakjarna voru samþykkt í borgarráði 28. september 2023. Viljayfirlýsingar við fjóra aðila vegna mögulegrar þróunar og uppbyggingar lífgæðakjarna voru samþykktar á fundi borgarráðs 18. apríl 2024, þ.e. Klasa vegna þróunar á lóðum við Borgarhöfða, Álfheima og/eða Norður-Mjódd, Þingvang vegna Köllunarklettsvegar, Reiti vegna Loftleiðareits og Þorpið vegna Ártúnshöfða 2. Loftleiðareitur er kominn einna lengst á veg, aðrir styttra eða eru ekki lengur inní myndinni. Loftleiðareiturinn afmarkast af gömlu höfuðstöðvum Icelandair, hótelinu, sem og bílastæðum þar á milli. Gert er jafnframt ráð fyrir að farið verði inn á borgarland, með uppbyggingu íbúða og þjónusturýma. Um er að ræða lóð á norðausturhorni svæðisins sem afmarkast af Hlíðarfót og Nauthólsvegi. Á lóðinni er gert ráð fyrir byggingu yfir 200 íbúða með verslunar- og þjónusturýmum á neðstu hæðunum. Viljayfirlýsing var undirrituð við lóðarhafa dags. 17.5.2024. Umhverfis- og skipulagssvið telur að æskilegast sé að umrætt borgarland verði skipulagt með aðliggjandi lóð í eigu lóðarhafa m.t.t. uppbyggingar á lífsgæðakjarna.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur sem tók gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022, er lóðin á skilgreindu miðsvæði, M5, þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð með íbúðum, skrifstofum, verslun og þjónustu. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum bygginga á lóðinni. Gististaðir í flokki I–IV og veitingastaðir í flokki I–III eru heimilir.

Deiliskipulagsvinna er í vinnslu og bíður endanlegrar samþykktar. Samkvæmt fyrirliggjandi hugmynd um uppbyggingu á lóðinni stefnir lóðarhafi að því að nýtt byggingarmagn á þessum lóðarhluta verði um 17.800 m^2. Íbúðarrými verður samtals 14.200 m^2 og verslun og þjónusta 3.600 m^2. Endanlegt deiliskipulag er ekki frágengið og byggingarmagn getur aukist eða minnkað frá fyrirliggjandi hugmynd.

Hin fyrirhugaða uppbygging fellur undir samþykkta húsnæðisáætlun fyrir Reykjavíkurborg, sem samþykkt var á fundi borgarráðs 10. nóvember 2022 og almenn

samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum, sem samþykkt var á fundi borgarráðs 20. janúar 2022 og staðfestum á fundi borgarstjórnar 1. febrúar 2022.

Lóðarhafi hefur óskað eftir því að fá að stækka deiliskipulagsreitinn inn í borgarland norðvestast í deiliskipulagsreitnum, líkt og undirrituð viljayfirlýsing gerir ráð fyrir. Um er að ræða lóð úr borgarlandi á horni Hlíðarfótar og Nauthólsvegar. Lóðin er 7.526 m^2 að stærð og er merkt með fjólubláu á meðfylgjandi uppdrætti. Á móti hefur Reykjavíkurborg hug á að fá lóð sem nú er nýtt undir bílastæði, fyrir byggingu leik- og grunnskóla. Sú lóð er merkt með appelsínugulu á meðfylgjandi uppdrætti og er skráð 6.678 m^2 að stærð. Fari aðilar þá leið að gera makaskipti á lóðunum er fermetraverð lóðanna metið á 60 þ. pr. fm. og greiðir lóðarhafi því kr. 451.560.000 fyrir lóðina sem ráðstafað er úr borgarlandi. Á móti leggur lóðarhafi til lóð í makaskiptum sem metin er á sama hátt á kr. 400.680.000. Mismunurinn er kr. 50.880.000 sem lóðarhafi samþykkir að greiða vegna lóðarstækkunar og til uppgjörs ef farin er sú leið að gera makaskipti. Framangreint fermetraverð tekur mið af verði í sambærilegum samningum og verðmötum fasteignasala á öðrum sambærilegum svæðum. Einkum er horft til nýlegra verðmata á lóðarstækkun við Háaleitisbraut 12 og Kleppsmýrarvegi 8, þar sem hver fm. er í báðum tilfellum metinn á kr. 60.000. Samningur vegna Kleppsmýrarvegs 8 var samþykktur í borgarráði 21. ágúst sl. Að mati okkar er gefa þessi verðmöt glögga mynd af verðmæti lóðarinnar úr borgarlandi við Nauthólsveg 50-52.

Gert er ráð fyrir því að lóðarhafi greiði kr. 19.000 fyrir hvern fermetra sem skilgreining á nýtingu byggingarheimilda verður breytt úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði og fyrir nýja fermetra og kr. 6.500 fyrir hvern fermetra atvinnuhúsnæðis, bundið við byggingarvísitölu nóvembermánaðar 2025 (126,4 stig). Miðað er við uppreiknað verð á byggingarrétti í sambærilegum uppbyggingarsamningum, m.a. í Vogabyggð, á Kringlureit og Laugavegi 77, sem borgarráð hefur samþykkt. Í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar er samið um að á lóðinni verði 20% íbúða skilgreindar sem leiguíbúðir, að Félagsbústaðir hafi kauprétt á allt að 5% íbúða á fyrirfram umsömdu föstu verði og að lóðarhafi skuldbindi sig til þess að leggja til tiltekna fjárhæð til listsköpunar.

Virðingarfyllst,
Ragnheiður Sigvaldadóttir
Skrifstofa Eignastýringar
Umhverfis- og skipulagssvið

Samrit:
Hjálagt:

1. Drög að uppbyggingarsamkomulagi
2. Deiliskipulagstillaga Henning Larsens.
3. Viljayfirlýsing dags. 17.5.2014.
4. Verðmat Sveins Eylands, lögg. fasteignasala, v/lóðarstækkunar við Háaleitisbraut 12.

Reykjavík

USK25120230

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480- 0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík, annars vegar og Reitir atvinnuhúsnæði ehf., kt. 530117-0300, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík (hér eftir nefndur lóðarhafi) hins vegar, gera með sér eftirfarandi:

SAMKOMULAG
vegna lóðarstækkunar og fyrirhugaðrar uppbyggingar á svokölluðum
Loftleiðareit við Nauthólsveg 50-52

1. gr.
Inngangur

Lóðarhafi og eigandi fasteigna við Nauthólsveg 50-52, L106641 („lóðin"), hefur hug á uppbyggingu svokallaðs lífsgæðakjarna á lóðinni. Lóðin er 25.610 m^2 að stærð og á henni er að finna fyrrum höfuðstöðvar Icelandair og Hótel Reykjavik Natura.

Á fundi borgarráðs 27. apríl 2023 var samþykkt að auglýsa eftir samstarfsaðilum um uppbyggingu svokallaðra lífgæðakjarna. Samningsmarkmið Reykjavíkurborgar vegna uppbyggingar lífgæðakjarna voru samþykkt í borgarráði 28. september 2023. Viljayfirlýsingar við fjóra aðila vegna mögulegrar þróunar og uppbyggingar lífgæðakjarna voru samþykktar á fundi borgarráðs 18. apríl 2024, þ.e. Klasa vegna þróunar á lóðum við Borgarhöfða, Álfheima og/eða Norður-Mjódd, Þingvang vegna Köllunarklettsvegar, Reiti vegna Loftleiðareits og Þorpið vegna Ártúnshöfða 2. Loftleiðareitur er kominn einna lengst á veg, aðrir styttra eða eru ekki lengur inní myndinni. Loftleiðareiturinn afmarkast af gömlu höfuðstöðvum Icelandair, hótelinu, sem og bílastæðum þar á milli. Reiturinn og fasteignirnar sem á honum standa eru í eigu Reita. Gert er jafnframt ráð fyrir að farið verði inná borgarland, með uppbyggingu íbúða og þjónusturýma. Um er að ræða lóð á norðausturhorni svæðisins sem afmarkast af Hlíðarfót og Nauthólsvegi. Á lóðinni er gert ráð fyrir byggingu yfir 200 íbúða með verslunar- og þjónusturýmum á neðstu hæðunum. Lóð þessi úr borgarlandi sem lóðahafi hefur hug á að sameina deiliskipulagsreit er rúmir 7.500 m^2. Viljayfirlýsing var undirrituð við lóðarhafa dags. 17.5.2024, sem fylgir samkomulagi þessu. Samkomulag þetta tekur til uppbyggingar á íbúðum, verslun og þjónustu á norðvesturhluta skipulagsreitsins, en tekur ekki til uppbyggingar hjúkrunarheimilis í gömlu höfuðstöðvum Icelandair eða uppbyggingar leik- og grunnskóla á bílastæðalóð þar fyrir framan. Sérstakur uppbyggingarsamningur verður gerður síðar vegna þeirrar uppbyggingar.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur sem tók gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022, er lóðin á skilgreindu miðsvæði, M5, þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð með íbúðum, skrifstofum, verslun og þjónustu. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum bygginga á lóðinni. Gististaðir í flokki I–IV og veitingastaðir í flokki I–III eru heimilir.

Deiliskipulagsvinna er í vinnslu og bíður endanlegrar samþykktar. Samkvæmt fyrirliggjandi hugmynd um uppbyggingu á lóðinni stefnir lóðarhafi að því að nýtt byggingarmagn á þessum lóðarhluta verði um 17.800 m^2. Íbúðarrými verður samtals 14.200 m^2 og verslun og þjónusta

3.600 m^2. Endanlegt deiliskipulag er ekki frágengið og byggingarmagn getur aukist eða minnkað frá fyrirliggjandi hugmynd.

Hin fyrirhugaða uppbygging fellur undir samþykkta húsnæðisáætlun fyrir Reykjavíkurborg, sem samþykkt var á fundi borgarráðs 10. nóvember 2022 og almenn samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum, sem samþykkt var á fundi borgarráðs 20. janúar 2022 og staðfestum á fundi borgarstjórnar 1. febrúar 2022.

Fyrirliggjandi hugmyndir lóðarhafa ganga út á að fá lóðarbót úr borgarlandi sem er norðvestan megin á deiliskipulagsreitnum, en lóðarbúturinn er mikilvægur þáttur í deiliskipulagshugmyndum lóðarhafa og órjúfanlegur hluti þess. Þar hyggst lóðarhafi m.a. skipuleggja íbúðir og almenningsrými með gróðri og bekkjum og tengja þannig skipulagssvæðið við hverfið og umhverfið í kring þ. á m. Öskjuhlíðarsvæðið. Breytt fyrirkomulag lóðar, nýting, byggingarmagn og nýtt deiliskipulag o.fl. fyrir lóðina er háð samþykki umhverfis- og skipulagsráðs auk borgarráðs. Staðsetning lóða, nýting, byggingarmagn o.fl. getur breyst við afgreiðslu deiliskipulagsins.

Gert er ráð fyrir að sameina þessa nýju lóð sem tekin verður úr borgarlandi við lóð L106641 og verður nýr lóðarleigusamningur fyrir hina afmörkuðu heildarlóð sem verður leigulóð gefinn út þegar greiðsla samkvæmt 2., 3. og 5. gr. hefur verið greidd. Samhliða fellur eldri lóðarleigusamningur úr gildi.

2. gr.
Samningsmarkmið Reykjavíkurborgar vegna uppbyggingar lífsgæðakjarna

Lífsgæðakjarnar eru heiti yfir nýja nálgun á húsnæði sem er einkum hugsað fyrir eldra fólk þar sem áhersla er á fjölbreytt búsetuform. Eignaríbúðum og leiguíbúðum og er raðað saman í aðlaðandi umhverfi með aðgengi að fjölbreyttri þjónustu og í bland við íbúðarhúsnæði fyrir aðra aldurshópa og jafnvel hjúkrunarrýmum, en slíkt er háð aðkomu og samþykki Heilbrigðisráðuneytisins. Markmiðið er að tryggja áhugavert og aðlaðandi umhverfi, samveru og öryggi um leið og komið er til móts við ólíkar þarfir fólks á ólíkum aldri sem og ólíka tekjuhópa.

Reykjavíkurborg samþykkti sérstök samningsmarkmið vegna lífsgæðakjarna á fundi borgarráðs 28. september 2023. Samningsmarkmiðin eru sett fram til að tryggja gagnsæi og gæta samræmis á milli svæða og/eða lóða. Samkvæmt umræddum samningsmarkmiðum er stefnt að því að hlutfall hagkvæmra, vistvænna og félagslegra íbúða nemi að lágmarki 35% af íbúðum á viðkomandi lóð/svæði. Hagkvæmar, vistvænar og félagslegar íbúðir skulu uppfylla skilgreiningu vistvænna íbúða skv. skilgreiningu 5. gr. samkomulags Reykjavíkurborgar, Innviðaráðuneytisins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um aukið framboð íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á tímabilinu 2023-2032 og fjármögnun uppbyggingar hagkvæmra íbúða og félagslegs húsnæðis. Félagsbústaðir hf. skulu eiga kauprétt á a.m.k. 5% íbúða fyrir félagslegt leiguhúsnæði og/eða íbúðakjarna á föstu verði bundið byggingarvísitölu. Í samráði við lóðarhafa skal þinglýsa kvöðum á viðkomandi lóð um hvaða íbúðir á lóð falli undir ákvæðið um leiguíbúðir og kauprétt Félagsbústaða hf., sbr. og 5. og 6. gr. samkomulagsins.

Reykjavíkurborg og Reitir skulu vinna saman að því að uppfylla framangreind samningsmarkmið eftir því sem kostur er og er Reitum ljóst að sérstakar kröfur og kvaðir kunna að verða lagðar á lóðarhafa vegna þessa í skipulagsferlinu og þinglýst á viðkomandi lóð.

3. gr.
Stækkun lóðar og makaskipti

Lóðarhafi hefur óskað eftir því að fá að stækka deiliskipulagsreitinn inní borgarland norðvestast í deiliskipulagsreitnum, líkt og undirrituð viljayfirlýsing gerir ráð fyrir. Um er að ræða lóð úr borgarlandi á horni Hlíðarfótar og Nauthólsvegar. Lóðin er 7.526 m^2 að stærð og er merkt með fjólubláu á meðfylgjandi uppdrætti. Á móti hefur Reykjavíkurborg hug á að fá lóð sem nú er nýtt undir bílastæði, fyrir byggingu leik- og grunnskóla. Sú lóð er merkt með appelsínugulu á meðfylgjandi uppdrætti og er skráð 6.678 m^2 að stærð. Fari aðilar þá leið að gera makaskipti á lóðunum er fermetraverð lóðanna metið á 60 þ. pr. fm. og greiðir lóðarhafi því kr. 451.560.000,- fyrir lóðina sem ráðstafað er úr borgarlandi. Á móti leggur lóðarhafi til lóð í makaskiptum sem metin er á sama hátt á kr. 400.680.000. **Mismunurinn er kr. 50.880.000** sem lóðarhafi samþykkir að greiða vegna lóðarstækkunar og til uppgjörs ef farin er sú leið að gera makaskipti. Framangreint fermetraverð tekur mið af verði í sambærilegum samningum og verðmötum fasteignasala á öðrum sambærilegum svæðum. Enginn byggingarréttur fylgir stækkuninni og fer um verð byggingaréttar á lóðastækkuninni samkvæmt því sem fram kemur í grein 3.

Verði ekki af makaskiptum á framangreindum lóðum, þannig að lóð merkt með appelsínugulu komi að hluta til uppgjörs vegna kaupa á lóð merktri með fjólubláu, þá greiðir lóðarhafi framangreint lóðarverð kr. 451.650.000 að fullu.

Hvort sem farin verður sú leið að gera makaskipti á lóðunum eða ef lóðirnar verða keyptar á því verði sem ákveðið er hér þá skal skipulag á lóð lóðarhafa (merkt með appelsínugulu) sem Reykjavíkurborg hyggst kaupa, unnið í samráði við lóðarhafa og í samræmi við þær tillögur sem nú þegar hafa verið unnar. Einnig skal tryggja eftir föngum að skipulag raski ekki starfsemi og ásýnd á nærliggjandi lóðum.

Framangreind fjárhæð er bundin byggingarvísitölu nóvembermánaðar 2025 (126,4 stig) og skal hún framreiknuð í samræmi við þróun vísitölunnar frá undirskriftardegi samnings þessa til greiðsludags.

4. gr.
Greiðslur fyrir byggingarrétt og gatnagerðargjald.

Fyrirliggjandi drög að deiliskipulagi gera ráð fyrir blandaðri byggð íbúðarhúsnæðis auk verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Áætlað er að nýtt heildar byggingarmagn verði um 17.800 m^2, þar af verði rúmlega 14.000 m^2 íbúðir. Gert er ráð fyrir að byggðar verði allt að 200 íbúðir á svæðinu. Vegna nýs byggingarmagns íbúðarhúsnæðis á lóðinni skuldbindur lóðarhafi sig til að greiða til Reykjavíkurborgar vegna byggingaréttar 19.000 kr. fyrir hvern fermetra (A+B)[1] nýbyggingar eða viðbyggingar sem nýtt verður fyrir íbúðir. Greiða skal sömu fjárhæð fyrir

[1] Vísað er til lokunarflokka A og B samkvæmt staðlinum ÍST 50.

hvern fermetra í þeim tilvikum ef nýtt deiliskipulag heimilar breytta nýtingu núverandi húsa úr atvinnuhúsnæði í íbúðir hvort sem byggt sé við eldri byggingar eða ekki.

Fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu sem skilgreinist sem atvinnuhúsnæði skal greiða 6.500 kr. fyrir hvern fermetra (A+B) nýbyggingarinnar og/eða viðbyggingarinnar. Núverandi byggingarmagn undir atvinnuhúsnæði á lóðinni dregst frá því byggingarmagni undir atvinnuhúsnæði sem heimilað verður í nýju deiliskipulagi, á lóðum sem stofnast á sama stað og núverandi lóðir.

Framangreint fermetraverð er miðað við byggingarvísitölu nóvembermánaðar 2025 (126,4 stig) og skal það framreiknað í samræmi við þróun vísitölunnar frá undirskriftardegi samkomulags þessa til greiðsludags.

Gjalddagi greiðslu byggingarréttar, skv. þessari grein og vegna lóðarstækkunar skv. 3. gr., er 90 dögum eftir samþykkt byggingarnefndarteikninga þó ekki síðar en við útgáfu byggingarleyfis. Án tillits til þess hvort byggingarnefndarteikningar hafi verið samþykktar og/eða byggingarleyfi útgefið er gjalddagi greiðslu byggingarréttar samkvæmt þessari grein aldrei síðar en þann 1. júlí 2027.

Lóðarhafi skuldbindur sig til að fá ekki útgefið bygginga- eða framkvæmdaleyfi, þ.m.t. takmarkað byggingarleyfi, fyrr en framangreind greiðsla hefur verið greidd.

Lóðarhafa er óheimilt að hefja framkvæmdir á lóð hafi greiðslur, sbr. 3., 4. og 7. gr. samningsins, ekki verið greiddar.

Auk framangreindrar greiðslu skal lóðarhafi greiða gatnagerðargjald og önnur lögbundin skipulags-, bílastæða-[2], framkvæmda-, byggingarleyfis- og tengigjöld vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni.

Fari svo að endanlegt deiliskipulag veiti heimild fyrir auknu byggingarmagni, umfram ofangreinda fermetra skv. fyrirliggjandi uppbyggingarhugmynd skal lóðarhafi greiða gatnagerðargjald vegna þeirra fermetra sem bætast við heildarbyggingarmagn eða vegna breyttrar nýtingar. Gjalddagi gatnagerðargjalds er þá við samþykkt embættis byggingarfulltrúa á byggingaráformum á viðkomandi byggingarreit og reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni.

Ef endanlegt deiliskipulag veitir heimild fyrir auknu byggingarmagni, umfram ofangreinda fermetra skv. fyrirliggjandi uppbyggingarhugmynd, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, skal lóðarhafi greiða viðbótarbyggingaréttargreiðslu fyrir þá fermetra sem bætast við heildarbyggingarmagn. Komi til þess að byggingarmagn á lóðinni aukist skuldbindur lóðarhafi sig til að greiða til Reykjavíkurborgar vegna byggingarréttar 19.000 kr. bundið byggingarvísitölu nóvember mánaðar 2025 (126,4 stig) fyrir hvern fermetra á lóðinni af auknum byggingarrétti umfram fyrirliggjandi uppbyggingarhugmynd.

5. gr.

[2] https://reykjavik.is/sites/default/files/b_nr_440_2016.pdf

Sala íbúða til Félagsbústaða hf.

Í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar samþykkir lóðarhafi að Félagsbústaðir hf. hafi kauprétt á allt að 5% íbúðum á lóðinni. Miðað við fyrirliggjandi hugmynd lóðarhafa eiga Félagsbústaðir kauprétt að 10 íbúðum á lóðinni.

Íbúðirnar geta verið allt að þriggja herbergja. Miðað skal við í kaupunum að stærð einstaklings- og tveggja herbergja íbúða sé á bilinu 45-60 m^2 að birtu flatarmáli að geymslu meðtalinni hvers stærð skal vera í samræmi við sambærilegar íbúðir, þó ekki stærri en 6 m^2. Miðað skal við að stærð þriggja herbergja íbúða sé á bilinu 60-80 m^2 að birtu flatamáli að geymslu meðtalinni hvers stærð skal vera í samræmi við sambærilegrar íbúðir, þó ekki stærri en 6 m^2. Reynist ómögulegt að halda geymslum innan framangreindra stærðarmarka greiða Félagsbústaðir ekki fyrir þann hluta geymslunnar sem fer fram yfir stærðarmörk (dæmi: fyrir íbúð sem er skráð 46 m^2 þar sem íbúð er 39 m^2 íbúða og geymsla 7 m^2 skal kaupverð reiknað miðað við 45 m^2 íbúð.) Félagsbústaðir hafa val um tegund íbúða og samráð skal haft um staðsetningar þeirra. Íbúðunum skal skilað fullbúnum og tilbúnum til notkunar og skal frágangur, efnisval og gæði vera sambærilegt við aðrar íbúðir að svipaðri stærð í sömu húsum. Íbúðum til Félagsbústaða skal skilað með harðparketi að viðurkenndri og vandaðri gerð. Sameign húss og lóð skal vera full frágengin.

Lóðarhafi skuldbindur sig til þess að hanna og gera ráð fyrir að lágmarki 5% íbúða í byggingunum sem reistar verða á lóðinni verði innan ofangreindra stærðarmarka. Nýti Félagsbústaðir ekki kauprétt sinn fellur þessi skylda niður.

Kaupverð hvers birts fermetra í íbúð og geymslu er umsaminn 643.462 kr. Framangreint kaupverð á m^2 er miðað við byggingarvísitölu nóvember mánaðar 2025 (126,4 stig) og skal breytast í samræmi við þróun vísitölu þessarar frá undirskriftardegi til greiðsludags.

Lóðarhafar skulu bjóða Félagsbústöðum kauprétt með tölvupósti á netfangið **kauprettur@felagsbustadir.is** samhliða því að teikningar eru lagðar inn til byggingarfulltrúans í Reykjavík. Boð um kauprétt telst vera móttekið þegar Félagsbústaðir staðfesta móttöku tölvupóstsins með sérstökum svarpósti til lóðarhafa við tölvupóstinum (staðfesting á því að tölvupóstur hafi verið sendur á uppgefið netfang telst ekki jafngilda móttöku Félagsbústaða). Félagsbústaðir hafa 45 daga frest til að tilkynna lóðarhöfum að þeir hyggist nýta sér rétt sinn en ella fellur kaupréttur inn niður. Fresturinn byrjar að líða fyrsta virka dag eftir að Félagsbústaðir hafa sent framangreindan tölvupóst um móttöku kaupréttarboðs.

Komi til kaupa skal kaupsamningur gerður um hverja íbúð innan 30 daga frá því að Reykjavíkurborg hefur samþykkt eignaskiptayfirlýsingu viðkomandi eignar og henni verið þinglýst af Sýslumanninum á Höfuðborgarsvæðinu. íbúðirnar þegar bygginganefndateikningar hafa verið samþykktar. Í kaupsamningi verða nánari ákvæði um kaupin, þ. á m. um staðsetningu íbúðanna, stærð þeirra og greiðslufyrirkomulag kaupverðs. Greiðslum skal háttað með þeim hætti að við þinglýsingu kaupsamnings milli aðila er greitt 10% kaupverðs, við afhendingu þegar öryggisúttektarvottorð byggingarfulltrúa hefur borist Félagsbústöðum er greitt 70% kaupverðs og afgangurinn við útgáfu afsals þegar lokaúttekt byggingarfulltrúa hefur farið fram og vottorð borist Félagsbústöðum. Kaupverð og eftirstöðvar þess skulu breytast í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu, sbr. framangreint, fram að lokagreiðslu.

6. gr.
Kvöð um leiguíbúðir o.fl.

Í samræmi við samningsmarkmið fyrir Reykjavíkurborg á uppbyggingarsvæðum skal miðað við að um 20% íbúða á lóðum lóðarhafa skuli vera leiguíbúðir, þ.m.t. stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., íbúðir fyrir aldraða og/eða búseturéttaríbúðir. Íbúðirnar skulu vera í eigu félags sem hefur það að meginmarkmiði að leigja út íbúðir til langtíma. Nýti Félagsbústaðir hf. kauprétt sinn samkvæmt 3. gr. teljast þær íbúðir hluti þessara íbúða.

Þegar eignaskiptayfirlýsing liggur fyrir skal lóðarhafi tilgreina hvaða íbúðir falli undir þessa kvöð og hefur lóðarhafi ákvörðunarvald um hvaða íbúðir falli undir kvöðina og er eftir atvikum heimilt að gera breytingar á því hvaða íbúðir falli undir kvöðina, sbr. þó rétt Félagsbústaða samkvæmt 3. gr. Útbúin skal sérstök yfirlýsing sem þinglýst verður sem kvöð á núverandi lóð. Í eignaskiptayfirlýsingu skal skilgreint hvaða íbúðir falla undir þessa kvöð.

Miðað við fyrirliggjandi tillögu um hámarksfjölda íbúða á lóðinni verða 40 íbúðir skilgreindar sem leiguíbúðir, stúdentaíbúðir og búseturéttaríbúðir. Félagsbústaðir hafa kauprétt að 10 þeirra, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Fjölgi íbúðum svæðinu þá kann þeim að fjölga sem falla undir þessa greinar 3 og 4.

7. gr.
Listsköpun

Í samræmi við samningsmarkmið fyrir Reykjavíkurborg á uppbyggingarsvæðum eru aðilar sammála um að sérstakri fjárhæð verði varið í listsköpun í almenningsrýmum á svæðinu. Framlag lóðarhafa samkvæmt þessari grein er 7.500.000 kr. og skal greitt til Reykjavíkurborgar samhliða greiðslu vegna stækkunar lóðar og byggingarréttargreiðslu, sbr. 3. og 4. gr.

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að leggja til jafn háa fjárhæð til listsköpunar á svæðinu. Lóðarhöfum er ljóst að framlag Reykjavíkurborgar vegna listsköpunar takmarkast að hámarki við 7.500.000 kr. og er allur kostnaður sem varðar framkvæmd og eftirfylgni ákvæðisins af hálfu Reykjavíkurborgar (uppsetning, val á listaverki o.s.frv.) innifalinn. Frekari greiðslur af hálfu Reykjavíkurborgar koma því ekki til.

Um samninga um listsköpun á uppbyggingarsvæðum fer að öðru leyti eftir verklagsreglum vegna samninga Reykjavíkurborgar og lóðarhafa um list í almannarými sem samþykktar voru í borgarráði þann 1. febrúar 2024, en verklagsreglurnar fylgja með samningi þessum sem fylgiskjal 1.

8. gr.
Framsal

Lóðarhafa er óheimilt að framselja fasteignir og/eða lóðarréttindi að lóðinni, áður en greiðslur samkvæmt 3., 4. og 7. gr. samkomulags þessa hafa verið greiddar. Þó er lóðarhafa heimilt að framselja réttindi og skyldur skv. samkomulagi þessu innan samstæðu félagsins, en tilkynna skal Reykjavíkurborg um slíkt fyrirfram. Við framsal tekur nýr eigandi við réttindum og skyldum lóðarhafa gagnvart Reykjavíkurborg samkvæmt samkomulaginu.

Kvöð um að framsal sé óheimilt nema að fengnu skriflegu samþykki Reykjavíkurborgar á nýjum framsalshafa skal getið á veðbandayfirliti lóðarinnar. Þegar greiðslur skv. 3., 4. og 7. gr. samkomulags þessa hafa verið greiddar skal Reykjavíkurborg aflétta kvöðinni. Kvöðin gildir ekki um framsal innan samstæðu félagsins líkt og að framan greinir.

9. gr.
Framkvæmdir og uppsögn

Miðað er við að samþykkt deiliskipulag skuli liggja fyrir eigi síðar en 18 mánuðum frá undirritun samkomulags þessa. Sækja skal um byggingarleyfi innan 6 mánaða frá því samþykkt deiliskipulag liggur fyrir. Lóðarhafi stefnir að því að hraða uppbyggingu á lóðinni og er stefnt að því að ljúka framkvæmdum innan 48 mánaða frá útgáfu byggingarleyfis. Verði verulegar tafir á uppbyggingu lóðarinnar getur það leitt til uppsagnar á samkomulagi þessu og/eða niðurfellingar byggingarleyfis. Lóðarhafi á ekki rétt til endurgreiðslu á byggingarréttargjaldi og gatnagerðargjaldi falli hann frá uppbyggingu á seinni stigum eða ef samningur fellur niður vegna uppsagnar.

10. gr.
Lagnir

Komi til þess vegna uppbyggingar á lóðinni að flytja þurfi spennistöð eða lagnir veitustofnanna skal lóðarhafi bera kostnað við þann flutning.

11. gr.
Annað

Heimilt er að þinglýsa samkomulagi þessu á allar fasteignir í eigu lóðarhafa sem tilheyra Nauthólsvegi 50-52, landeignanúmer L106641.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Til staðfestingar á öllu framangreindu rita þeir nöfn sín hér að neðan sem heimild hafa til að skuldbinda aðila og setja jafnframt upphafsstafi sína á aðrar síður samkomulagsins.

Reykjavík, ____. _____ 2025

_____	_____
F.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara um samþykki borgarráðs	F.h. Reita atvinnuhúsnæðis ehf.

Hjálagt:

1. Uppdráttur af svæðinu.
2. Viljayfirlýsing um uppbyggingu lífsgæðakjarna, dags. 17.5.2024.
3. Deiliskipulagstillaga fyrir svæðið.

Nauthólsvegur

Community for Life

Henning Larsen

Agenda

Site Analysis	01
References and Programming	02
Concept	03
Proposal	04
Architectural Concept	05
Appendix	06

Site Analysis

Large scale context

Surrounding functions



Mobility today

Future Development around the site



Future Flows

- What to be expected?



Green Structure

Öskjuhlíð forest

- Established during the reforestation program in the 1940-50 (to stabilize soil, improve urban environment and create recreational spaces)
- It is today the only forest in the urban area of Reykjavik, easily accessible and overall a destination for the locals and visitors
- Todays benefits: **biodiversity refuge, urban green space, cultural site** (WW2 relics and bunkers)**, and popular hiking spot**

Henning Larsen



Green Structure

Öskjuhlíð diversity in flora and fauna

- Main trees present are a mix of native and introduced: native birch and rowan, introduced spruce, pine and poplar
- Rich understory (grasses and lichens)
- All of these created a main urban biodiversity hotspot in the city. A variety of species are living here, from birds, migratory birds passing by, mammals and insects.

Consulted document

Willow warbler - migratory bird using the forest as stop over

Microtus agrestis

Feral rabbits - even if not native, small population has been recorded

References and programming

References



Mörkin, Lífsgæðakjarna
- Common space, connected through a coridor
- Connected to nursing home, benefiting from service and shared areas, 1200m2
- Dining or meeting rooms Shared lounge, living room
- Activity or community spaces
- Support/service offices
- Health/wellness spaces

Carpe Diem Dementia Village
- Small village concept
- Grocery store, hairsalong, café, etc.
- Open to public, bridge for residents and neighborhood

Virke Bofælleskab
- Communal space, inviting for different activities
- Workshop
- Gardening

Agorahavene + Bovieran
- Communal atrium
- Mediterranean climate (Bovieran)
- Community room/lounge
- Guest apartments
- Gym
- Workshop/hobby room
- Petanque court
- Library

